

Miðvikudaginn 27. febrúar 1957.

Nr. 7/1957. **Pétur Sveinsson**
 gegn
 Þór Jóhannssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. marz 1957.

Nr. 29/1957. **X**
 gegn
 Y

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. þ. m., sem barst Hæstarétti 14. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar dóm bæjarþings Reykjavíkur í barnsfaðernismáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Z. Krefst sóknaraðili þess, að máli varnaraðilja, að því er hann varðar, verði vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður, þar með talinn kærúmálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, aðallega að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst hún og kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í hinum kærða dómi hefur héraðsdómari, jafnframt því að hrinda frávísunarkröfu sóknaraðilja, veitt efnisúrlausn í málinu. Að svo vöxnu máli verður dóminum ekki haggð

með kærui. Ber því að vísa kæruiáli þessu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kæruiálskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Átelja ber sýnilega þýðingarlausu kærui máls þessa.

Dómsorð:

Kæruiáli þessu víasast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, X, greiði varnaraðilja, Y, kr. 500.00 í kæruiálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 23. janúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 15/1956: Y gegn Z og X, sem tekið var til dóms hinn 22. sama mánaðar.

Hinn 13. september 1952 ól kærandi, Y, fullburða sveinbarn, sem í skirninni hlaut nafnið R. Föður að barninu hefur hún lýst kærða Z, en hann hefur eigi við faðernið kannast. Hefur hún, að fengnu leyfi Dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 211. gr., 6. mgr., laga nr. 85 1936 höfðað mál þetta gegn honum, og eru dómkröfur af hennar hálfu þær, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess og til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir fæðingarár barnsins, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún þess, að framangreindar kröfur á hendur kærða Z verði teknar til greina, ef hún vinnur að því fyllingareið, að hún hafi eigi haft samfarir við aðra menn á tímabilinu frá 25. október 1951 til 13. janúar 1952. Til þrautavara krefst hún þess, að kærðu verði in solidum dæmdir meðlagsskyldir með barninu. Hvernig sem málið fer, krefst hún málskostnaðar að skaðlausu úr hendi kærðu in solidum.

Kærði Z hefur krafizt sýknu af kröfum kæranda, en til vara, að hann verði dæmdur aðeins meðlagsskyldur ásamt meðstefnda, X. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi kæranda eftir mati dómsins.

Kærði X, sem dreginn er inn í mál þetta samkvæmt 211. gr., 3. mgr., laga nr. 85 1936, hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara hefur hann krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Upplýst er, að kærandi og M bjuggu saman, þegar barnið fædd-

ist, og höfðu þá búið saman nokkurn tíma. Hins vegar eru þau sammála um, að M sé ekki faðir barnsins. Kærandi kveðst hafa verið komin 4 mánuði á leið, þegar hún kynntist M, og hann kveðst hafa kynnt henni í fyrsta lagi í marz 1952. Seinna á árinu hófu þau sambúð, sem stóð í um tvö ár. Meðan sambúðin stóð, var drengurinn kallaður sonur M, og lét M það afskiptalaust. Drengurinn var færður til skírnar í Laugarneskirkju 25. apríl 1953, þar sem sóknarprestur Laugarnessóknar skírði hann. Viðstödd voru kærandi, M og amma hennar. Þau kærandi og M eru á einu máli um það, að við þessa athöfn hafi amma kæranda haft orð fyrir henni og sagt prestinum, að M væri faðir drengsins, og hafi M enga athugasemd gert við það. Eigi kveðst presturinn muna þetta, svo óyggjandi sé, en kveðst þykjast muna, að M hafi verið viðstaddur skírnina og að hann hafi ekki hreyft mótmælum, þegar hann samkvæmt spurningu prestsins var tilnefndur faðir barnsins. Ástæðan til þessarar afstöðu M við skírnina var sú að hans sögn, að á þessum tíma hafi verið horfur á því að minnsta kosti af sinni hálfu, að sambúð hans og kæranda yrði til frambúðar, og vegna þess hafi hann látið gott heita að vera talinn faðir barnsins. Þau bjuggu saman fram á árið 1954, en eftir að upp úr sambúðinni slitnaði, hafa þau bæði haldið því eindregið fram, að M sé ekki faðir drengsins. Af hálfu kærða X er krafist frávísunar málsins á þeim grundvelli, að drengurinn sé að lögum sonur M, sbr. 3. gr. laga nr. 87 1947, þar sem M hafi við skírnina engum mótmælum hreyft gegn því, að svo væri.

Eins og sambandi kæranda og M var háttað, þegar skírnin fór fram, þykir þögn hans við frásögn ömmu drengsins um faðernið eigi verða metin sem óyggjandi faðernisjátning, og verður frávísunarkrafan því eigi tekin til greina.

Um samband sitt við kærða Z skýrir kærandi svo frá, að þau hafi oft haft samfarir saman á árunum 1950—1954, þar á meðal á getnaðartíma barnsins, oftast í bíl kærða, og hefur kærði Z enga athugasemd gert við þessa frásögn kæranda. Ástæðan til þess, að hann hefur samt sem áður eigi viljað viðurkenna faðerni barnsins, er sú, að hann álítur kæranda hafa haft holdleg mök við fleiri en sig á getnaðartíma barnsins, en í því sambandi er upplýst, að kærandi hefur verið mjög óreglusöm, einkum þó eftir fæðingu barnsins. Hefur kærði Z bent á nokkur atriði þessu áliti sínu til stuðnings, en ekkert þeirra kemur hér til álita annað en það, sem af þessa kærða hálfu var bent á um samband kæranda við kærða X. Í Morgunblaðinu 9. nóvember 1951 birtist frétt um, að kærandi og kærði X, sem þá átti heima á Leifsgötu 4 hér í

bæ, hefðu þá fyrr í mánuðinum opinberað trúlofun sína. Varð þetta m. a. til þess, að rannsókn beindist að sambandi þeirra, og kom þá í ljós, að þau höfðu á tímabili átt vingott saman, enda þótt trúlofunarfréttin hefði ekki átt við rök að styðjast. Skýrði kærði X svo frá, að hann hefði í fáein skipti haft samfarir við kæranda í herbergi sínu á Leifsgötu 4 og í eitt skipti heima hjá henni og hefði þetta síðast gerzt í herbergi sínu nótt eina eftir ferð á dansleik í Sandgerði ásamt fleira fólki í gömlum strætisvagni, sem faðir kærða X átti. Telur hann þetta hafa gerzt skömmu eftir birtingu trúlofunarfréttarinnar, en eigi kveðst hann muna nánar, hve löngu eftir birtingu fréttarinnar þetta gerðist, hvort það skipti dögum eða vikum.

Kærandi kveðst tvisvar hafa haft samfarir við kærða X og hafi hinar síðari gerzt 24. október 1951 heima hjá honum eftir Sandgerðisferð þá, er nefnd var. Hún kveðst muna þessa dagsetningu, en eigi vita, hvers vegna hún muni hana svo gjörla.

Tvö vitni, sem voru í Sandgerðisferðinni, hafa skýrt frá henni, eftir því sem þau muna, og staðfest skýrslur sínar með eiði. Annað þeirra er Karl Sigbórsson bifreiðarstjóri, Miðtúni 86. Við fyrri yfirheyrslu kvaðst hann ekki muna, hvaða ár þetta gerðist, en það hefði verið að vetrarlagi, fyrir jól, að hann minnti. Kvaðst hann þó áreiðanlega mundu geta grufað þetta nánar upp með því að ráðfæra sig við foreldra sína. Þegar hann hafði gert það, skýrði hann svo frá, að þessi atburður hefði gerzt í ársbyrjun 1952, eftir því sem hann bezt muni.

Hitt vitnið er Líney Hulda Gestsdóttir Jensen frú, Brautarholti í Sandgerði. Hún minnst þess, að atburður þessi gerðist, meðan hún og frænka hennar, sem nú er búsett vestanhafs, bjuggu í Blönduhlíð 1 hér í bæ, en samkvæmt manntali var það á tímabilinu frá 3. október 1951 til 20. janúar 1952. Kveðst hún eigi þora að fullyrða, hvenær á þessu tímabili atburðurinn gerðist, en þó vera næstum því örugg um, að hann hafi gerzt eftir afmæli sitt, 3. nóvember, en fyrir jólin eða a. m. k. fyrir áramótin.

Þriðja vitnið úr Sandgerðisferðinni, Guðmar Elvar Tyrfingsson bifreiðarstjóri, Langeyrarvegi 15 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið herbergisfélagi kærða X á Leifsgötu 4 um tíma, man ekki, hvenær ferðin var farin að öðru leyti en því, að hann minni, að það hafi gerzt fremur að haustlagi en að vori til. Hann skýrir svo frá, að upp úr kunningsskap sínum og kærða hafi slitnað um áramótin 1951 og 1952, en þá hafi verið liðinn talsverður tími, frá því kærði hætti að vera með kæranda.

Bróðir kærða, Jón Þór Friðsteinsson bifreiðarstjóri, Bræðra-

borgarstíg 21, fór skipverji á b/v Skúla Magnússon 15. febrúar 1952. Hann hefur borið, að Sandgerðisferðin hafi verið farin haustið áður, sennilega í október.

Húsráðandinn á Leifsgötu 4, Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson bókbindari, hefur skýrt svo frá, að hann hafi á undanförunum árum leigt ýmsum einhleypum mönnum herbergi á efstu hæð hússins, og man hann, að Guðmar Elvar Tyrfingsson bjó þar í um það bil 2 ár einhvern tíma á tímabilinu 1949—1952, en nánar getur hann eigi ákvarðað tímann, og manntalið hefur eigi heldur getað upplýst þetta. Hins vegar minnst hann ekki veru kærða X í húsinu og telur, að hann hafi ekki haft þar herbergi á leigu, en vera megi, að hann hafi búið þar í skjóli Guðmars Elvars.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi sannað með neinni nákvæmni, hvenær Sandgerðisferðin var farin að öðru leyti en því, að öruggt má telja, að það hafi verið einhvern tíma á síðasta fjórðungi ársins 1951 eða í byrjun ársins 1952.

Rannsóknastofa Háskólans hefur rannsakað blóðflokka aðilja og barnsins og vottað, að hvorugur hinna kærðu útilokist frá faðerninu með þeirri rannsókn. Leitað hefur verið álits borgarlæknis um mögulegan getnaðartíma barnsins, og er það álit hans, að mestar líkur séu til þess, að barnið hafi verið getið um 14. desember 1951, en möguleikar séu þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952.

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, verður hvorugur hinna kærðu dæmdur faðir barnsins. Kærða Z ber að dæma meðlagsskyldan með barninu, en úrslitin um meðlagsskyldu kærða X hljóta vegna óvissunnar um tímasetningu síðustu samfara hans við kæranda að velta á eiði. Vegna ósannsögli kæranda í máli þessu og sannaðs óreiðulífarnis hennar verður henni eigi veittur eiðurinn, og hljóta því úrslitin varðandi kærða X að velta á synjunareiði hans, þannig að ef hann innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir lögmætan undirbúning synjar með eiði á lögmætu varnarþingi fyrir að hafa haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952, skal hann vera sýkn af meðlagsskyldu með barninu. Verði honum eiðfall, skal hann in solidum með kærða Z vera meðlagsskyldur með barninu. Skulu þeir þá in solidum greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald kæranda fyrir fæðingarár barnsins, árið 1952, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, en vinni kærði X eiðinn, skal kærði Z einn inna greiðslur þessar af hendi.

Kærði Z greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, hdl. Sigurðar Baldurssonar, kr. 800.00.

Kærði X greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, hdl. Jóhanns Steinasonar, kr. 800.00.

Málskostnað þann, sem ríkissjóður leggur út, kr. 1328.00, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns kæranda, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00, greiði kærðu ríkissjóði in solidum, ef kærða X verður eiðfall, en ella kærði Z einn.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Kærði Z skal vera meðlagsskyldur með drengnum R, sem kærandi, Y, ól 13. september 1952. Skal hann greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald kæranda árið 1952, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Synji kærði X fyrir það með eiði innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi eftir lögmætan undirbúning, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952, skal hann vera sýkn af meðlagsskyldu með barninu, en verði honum eiðfall, skal hann vera meðlagsskyldur með því in solidum með kærða Z, og inni þeir þá samkvæmt því af höndum framangreindar greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði.

Kærði Z greiði málsvarnarlaun talsmanns síns, hdl. Sigurðar Baldurssonar, kr. 800.00.

Kærði X greiði málflutningslaun talsmanns síns, hdl. Jóhanns Steinasonar, kr. 800.00.

Málskostnað þann, sem ríkissjóður leggur út, kr. 1328.00, þar með talin málflutningslaun hrl. Magnúsar Thorlacius, skipaðs talsmanns kæranda, kr. 1000.00, greiði kærðu, Z og X, ríkissjóði in solidum, ef kærða X verður eiðfall, en ella kærði Z einn.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.